

Fimmtudaginn 28. mars 1974.

Nr. 132/1973: Ólafur Unnsteinsson

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

Borgarstjóranum í Reykjavík

f. h. borgarsjóðs

(Hákon Árnason hrl.).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 12. september 1973. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða sér kr. 606.500.00 með 7% ársvöxtum frá 19. mars 1969 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi hefur lýst því hér fyrir dómi, að hann vefengi ekki, að áfrýjanda sé rétt að beina kröfum sínum að honum.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Áhaldageymslur Íþróttahallarinnar voru ekki fullgerðar. Áfrýjandi var gerkunnugur aðstæðum og vissi, að þar gengu margir um, en hirðusemi um röðun áhalda og umgengni var áfátt. Hann hugðist sjálfur leita að íþróttatækjum, sem kynnu að vera í annarri geymslunni. Skýrslur hans sjálfs um atvik að slysinu eru eigi glöggar. Verður ekki talið, að hann hafi fært sönnur á, að slysið hafi orðið með þeim atvikum, er fellt geti fébótaábyrgð á stefnda.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Hinn 18. maí 1973 og 24. maí s. á. voru á bæjarþingi Reykjavíkur teknar skýrslur af áfrýjanda og nokkrum vitnum í máli þessu. Það, sem gerðist í þinghöldum þessum, var ekki skráð í þingbók, en aðeins tekið á segulbönd. Var síðan vélritað af segulböndunum. Eru óstaðfest endurrit af hinu vélritaða felld í dómsgerðir. Lög nr. 85/1936 veita eigi beina heimild til, að skýrslur aðilja eða vitna séu teknar á segulbönd, þannig að sú upptaka komi í stað skráningar skýrslu að efni til í þingbók, svo sem brýnt er boðið um vitnaskýrslur í 3. mgr. 133 gr. nefndra laga. Aðiljar andmæltu ekki þessari aðferð og vefengja ekki efni skýrslunnanna. Eru þær lagðar til grundvallar við úrlausn málsins.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. júní 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 7. þ. m., hefur Ólafur Unnsteinsson íþróttakennari, Safamýri 52, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 16. október 1972, á hendur borgarsjóði Reykjavíkur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 606.-500.00 með 7% ársvöxtum frá 19. mars 1969 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Við munnlegan flutning málsins hækkaði stefnandi vaxtakröfu sína upp í 9% ársvexti frá 1. maí 1973 til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins, en til vara, að sök verði skipt í málinu, stefnukröfur stórlækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f er stefnt til réttargæslu í málinu, en sjálfstæðar kröfur eru ekki gerðar á hendur félaginu. Stefndi hafði ábyrgðartryggingu hjá nefndu váttryggingarfélagi.

Af hálfu réttargælustefnda eru engar kröfur gerðar.

Reynt hefur verið að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Af hálfu stefnanda er skýrt frá málavöxtum á þessa leið:

Tílefni málsins er slys, sem stefnandi varð fyrir í svonefndri

Íþróttahöll í Laugardal í Reykjavík hinn 19. mars 1969, klukkan 1800. Stefnandi er íþróttakennari að starfi og hafði umrætt sinn nýlokið íþróttakennslu á vegum Menntaskólans í Hamrahlíð. Að lokinni kennslu þurfti stefnandi sem endranær að ganga frá áhöldum í áhaldageymslunni. Jafnframt hugðist hann finna þar íþróttatæki, sem nota átti við fyrirhugaða íþróttakeppni nemenda hans tveimur dögum síðar. Stefnandi kveikti ljós í geymslunni og gekk inn í hana. Geymslan var þá ekki fullgerð, hún var ómáluð, og í henni voru einungis vinnuljós. Inni í áhaldageymslunni er komið byrir „badmintonstatífum“, netum og ýmsum áhöldum, sem notuð eru fyrir frjálsar íþróttir og fleira. Að þessu sinni segir stefnandi, að „badmintonstatífin“ hafi verið í gangveginum innan við dyr. Kubbar, spýtur og gólfrenningsrúlla hafi líka verið á miðju gólfi geymslunnar. Stefnandi fór inn í þessa geymslu að þessu sinni til þess að athuga, hvort hann fyndi þar planku, sem nota mætti fyrir langstökk án atrennu, og startkubba fyrir spretthlaup. Frjáls-íþróttakeppni innanhúss var fyrirhuguð fyrir Menntaskólann í Hamrahlíð tveimur dögum seinna, og kveðst stefnandi hafa verið að undirbúa hana. Er hann var að bogra yfir spýtum og kubbum í geymslunni, kveðst hann hafa hrasað og fallið aftur yfir sig yfir „statíf“ og gólfrenningsrúlluna. Kveðst hann hafa fallið á „badmintonstatíf“, er legið hafi í gangveginum. Hafi hann borið hendur rétt fyrir sig, en orðið fyrir því slysi að detta þannig, að fótur á „statífi“, sem lá á gólfinu, hafi gengið upp í lófa vinstri handar. Stefnandi fann strax til stingandi sársauka í hendinni og tognunar í baki. Hann kveðst hafa farið til húsvarðar Íþróttahallarinnar, Sigurgeirs Eiríkssonar, og þjálfara í salnum og nokkurra nemenda sinna og sagt þeim frá slysinu.

Þeir íþróttakennarar, Guðmundur Þorsteinsson og Guðmundur Þórarinnsson, svo og baðvörður Íþróttahallarinnar, Sigurgeir Eiríksson, hafa komið fyrir réttinn og gefið skýrslu. Hafa þeir allir staðfest lýsingu stefnanda á ástandinu í áhaldageymslum Íþróttahallarinnar. Hins vegar voru engin vitni að sjálfu slysinu.

Eftir slysið fór stefnandi í leigubíl á slysavarðstofuna í Borgarspítalanum, þar sem gert var að meiðslum hans.

Við læknisrannsókn reyndust meiðsli stefnanda vera mikil bólga og eymsli um grunnlið vinstri vísifingurs og hreyfingar sárar. Röntgenmyndir sýndu mjög slæmt brot fremst í miðhandarbeini, og gekk það inn í liðinn. Veruleg skekkja var á brotstaðnum. Búið var um brotið með gipsumbúðum.

Stefán Guðnason læknir hefur metið örorku stefnanda af völd-

um slyssins. Örorkumat læknisins er dags. 21. apríl 1970. Í niðurlagi þess segir svo:

„Ályktun: Um er að ræða þrítugan íþróttakennara, sem meiddist í vinstri hendi fyrir rúmu ári. Hann hlaut brot á öðru vinstra miðhandarbeini, og eru afleiðingar nokkur hreyfingarhindrun í liðamótum vinstri vísifingurs og miðhandarbeinsins og dálítil styttling á miðhandarbeininu. Þetta hefur багаð slasaða dálítið við handartiltektir og gerir enn, og verður svo sennilega framvegis og tæpast að vænta frekari bata á þessu en fenginn er. Tímabært þykir því að meta nú örorku slasaða af völdum þessa slyss, og telst hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi í tvær vikur	100%
Eftir það í tvær vikur	75%
Eftir það í tvær vikur	50%
Eftir það í fjóra mánuði	25%
Eftir það varanlega	5%“

Á grundvelli þessa örorkumats hefur Bjarni Þórðarson tryggingafræðingur reiknað út örorkutjón stefnanda. Útreikningur tryggingafræðingsins er dagsettur 20. apríl 1971. Í útreikningnum segir m. a. svo:

„Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 48.478.00
Vegna varanlegrar örorku	— 357.505.00

Samtals kr. 405.983.00

Verðmæti tapsins vegna tímabundinnar örorku skiptist þannig, að kr. 6.436.00 eru vegna 5% örorku það tímabil, en kr. 42.042.00 vegna örorku umfram 5%.

Við umreikning vinnuteknanna var gert ráð fyrir, að stundakennsla hækkaði í sama mæli og fastakaup héðan í frá. Hins vegar mun enn ekki ákveðið, hvaða háttur verður hafður á því. Ef gert væri ráð fyrir óbreyttri greiðslu fyrir stundakennslu héðan í frá, mundi verðmæti vinnutekjutapsins lækka um kr. 16.333.00.“

Stefnandi sundurliðar fjárhæð stefnukröfunnar þannig:

1. Örorkutjón kr. 500.000.00
2. Þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum kr. 100.000.00
3. Útlagður kostnaður kr. 6.500.00.

Svo sem fram kemur, hefur stefnandi hækkað kröfuliðinn fyrir örorkutjón frá útreikningi tryggingafræðingsins. Stefnandi hefur hækkað kröfuliðinn með tilliti til verulegra launahækkana, er orðið hafa frá því útreikningur var gerður.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndi beri fébótaábyrgð á slysinu á grundvelli þess, að hann sé eigandi Íþróttahallarinnar og annist rekstur hennar og hafi því veg og vanda af því, að öll vinnuaðstaða í húsinu og öryggisráðstafanir séu í réttu horfi. Ástæður að öðru leyti fyrir fébótaábyrgð telur stefnandi þær, að vinnuaðstaða fyrir íþróttakennara í húsinu hafi verið ófullnægjandi og hættuleg. Hér komi það til, að veggir í geymslu íþróttahalda hafi verið ómálaðir á umræddum tíma, birta þar léleg, en geymslan full af alls konar íþróttatækjum og ýmiss konar drasli. Engin aðstaða hafi verið til að koma íþróttahöldum skipulega fyrir vegna þrengsla. Allt hafi þarna verið í einum hrærigraut. Það liggi í augum uppi, að þess sé brýn þörf, að gott skipulag sé á hlutunum á slíkum stað, þar sem margir gangi um, bæði kennarar og nemendur. Menn verði að geta athafnað sig greiðlega og rekið erindi sín án slysaþættu. Stefnandi hafi verið kennari við skóla í Reykjavík, sem hafi haft afnotarétt að húsnæði í Íþróttahöllinni til leikfímliðkana. Stefnandi hafi verið að gegna starfi sínu umrætt sinn og hafi átt eðlilegt erindi í áhaldageymsluna. Hann hafi hrasað þarna vegna hinnar ófullkomnu og hættulegu aðstöðu, sem þar hafi verið boðið upp á. Í íþróttahaldageymslum sem þessum verði hver hlutur að eiga sinn stað og að ekki sé hægt að ætlast til þess, að einstakir íþróttakennarar taki sig fram og komi reglu á hlutina í slíkri geymslu í önn starfs síns við íþróttakennslu. Slíks hafi heldur ekki verið kostur á umræddum tíma, þótt íþróttakennarar hefðu viljað leggja sig alla fram í því efni, þar eð engri reglu var á komið sökum þrengsla. Þessi skylda húsráðenda hafi verið mjög illa rækt eða réttara orðað órækt á þeim tíma, sem hér um ræðir. Telur stefnandi, að sú vanræksla leiði lögum samkvæmt til fébótaábyrgðar húsráðenda á slíku slysi, sem hér um ræðir og öllum afleiðingum þess.

Þá telur stefnandi það einnig þungt á metunum, að engar ráðstafanir voru gerðar til þess að rannsókn færi fram á orsökum slyssins, svo sem skylt sé að lögum, og hafi því stefnandi sjálfur

orðið að gera sínar ráðstafanir eftir á til að reyna að leiða í ljós með ljósmyndum og vottorðum, hvernig aðstaðan í áhaldageymslunni hafi verið á þeim tíma, er umrætt slys varð.

Að endingu heldur stefnandi því fram, að engin rök séu til að sakast við hann sjálfan um slysið.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að slys stefnanda verði aðeins rakið til óaðgæslu hans sjálfs eða óhappatilviljunar en á því geti stefndi ekki borið ábyrgð. Jafnframt er því mótmælt, að aðstæður og umgengni á slysstað hafi verið með þeim hætti, að varði stefnda fébótaábyrgð. Stefnandi hafi verið lærður íþróttakennari með mikla starfsreynslu og gegnt störfum sem slíkur, er slysið varð. Hann hafi verið gerkunnugur aðstæðum á slysstað og vanur að umgangast hin ýmsu íþróttatæki við ýmsar aðstæður og því þekkt glögglega þær hættur, sem almennt séu samfara íþróttaiðkunum og íþróttatækjum. Að sögn stefnanda hafi slysið viljað til með þeim hætti, að hann hafi hrasað á geymslugólfinu, þegar hann var að bogra þar í leit að áðurnefndum planka og startkubbum. Ekki komi annað fram en stefnandi hafi fallið um sjálfan sig, sem sé óhappatilviljun, en hafi hann fallið um íþróttatæki eða gólfrenningsrúlluna, sé um óaðgæslu að ræða af hans hálfu, þar eð honum hafi verið fullkunnugt um þau tæki og dót, sem að hans sögn lágu í gangveginum á gólfinu, og hefði því átt hægt með að færa þau til hliðar, um leið og hann gekk inn í geymsluna. Þessi óaðgætni stefnanda hafi einnig verið orsök afleiðinga slyssins, sem ella hefðu litlar eða engar orðið, þar sem stefnandi hafi komið höndum rétt fyrir sig í fallinu. Verði og sú tilviljun, að laus hlutur á geymslugólfinu, sem stefnandi vanrækti að færa úr vegi, lendi undir hendi hans, ekki talin fyrirsjáanleg eiganda eða starfsmönnum Íþróttahallarinnar.

Fallist dómariinn ekki á framangreind sjónarmið, byggir stefndi varakröfu sína á því, að meginorsök slyssins sé óhappatilviljun og gáleysi stefnanda, og beri að skipta sök og lækka bætur í samræmi við það.

Niðurstaða dómsins.

Stefnandi lauk íþróttakennaraprófi árið 1961 og hafði stundað íþróttakennslu í Íþróttahöllinni í Laugardal um tveggja ára skeið, er slysið vildi til. Honum var því kunnugt um aðstæður í íþróttahaldageymslu þeirri, þar er hann slasaðist. Rétturinn telur það hafa verið í verkahring stefnanda að ganga frá íþróttahöldum að lokinni æfingu eða að hafa yfirumsjón með þeim frágangi. Staða hans að því leyti er sama eðlis og staða verkstjóra. Stefnanda bar

því að taka til eða láta taka til í geymslunni, ef honum þótti aðstæður þar hættulegar.

Af hálfu stefnda er því ekki mótmælt, að lýsing stefnanda á aðstæðum í geymslunni, er slysið varð, sé rétt. Hins vegar er um það deilt, hvort slysið sé vávæn afleiðing af þessum aðstæðum. Og verður rétturinn að fallast á það með stefnda, að svo sé ekki, heldur hafi slysið orðið vegna óhappatilviljunar, en á slíku ber stefndi ekki skaðabótaábyrgð, og rétturinn telur, að vinnuaðstæður þær, er stefndi ber ábyrgð á, hafi ekki verið slíkar, að þær felli á hann bótaskyldu. Ekki leiðir það út af fyrir sig heldur til skaðabótaábyrgðar fyrir stefnda, þótt hann hafi eigi hlutast til um rannsókn á orsökum slyssins, þar sem atvik að því eru ekki deiluefni í málinu.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verða úrslit málsins þau, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Það styður og þessa niðurstöðu, að það er dómvenja hér á landi (sbr. t. d. hæstaréttardóm í XXXI. bindi, bls. 243), að ekki er það skaðabótaskyldt slys, þótt háseti á fiskiskipi detti vegna hálku á slorugu þilfari og slasist.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, borgarsjóður Reykjavíkur, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnandans, Ólafs Unnsteinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
